

Alda Credit Fund slhf.
Ársreikningur 2016

Alda Credit Fund slhf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Kt. 531114-0510

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Yfirlýsing um stjórnarhætti	17

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna, og önnur skyld starfsemi.

Ársreikningur 2016 er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningssskilastöðlum. Gerð er grein fyrir áhrifum innleiðingar alþjóðlegra reikningssskilastaðla (IFRS) í skýringu 12.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 68,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam 1.607,4 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Enginn starfsmaður var á launum hjá félaginu á árinu en félagið greiðir umsýslubókun til Alda Sjóða hf. sem annast rekstur þess.

Félagið ACF GP ehf. ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins að tilnefna framkvæmdastjóra.

Alda Credit Fund slhf. hefur gert samninga við hluthafa um þátttöku í hlutfjár- og skuldabréfaútböðum félagsins. Heildarfjárhæð sem hluthafar hafa skráð sig fyrir er hlutfé að nafnvirði 1.515 millj. kr. og kaup á skuldabréfum að nafnvirði 6.060 millj. kr. miðað við árslok 2016 og er félagið full fjárfest.

Vísað er á blaðsíðu 17-18 varðandi yfirlýsingu um stjórnarhætti.

Hlutfé Alda Credit Fund slhf. nemur 1.515 millj. kr. Í árslok 2016 voru hluthafar 22 sem er óbreyttur fjöldi frá ársbyrjun. Tíu stærstu hluthafar í árslok 2016 voru:

Kennitala	Hluthafi	Eignarhlutur
561195-2779	Gildi - lífeyrissjóður	17,36%
550197-3409	Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild	10,56%
430269-0389	Birta lífeyrissjóður	9,97%
601092-2559	Stapi lífeyrissjóður	9,90%
571171-0239	Festa - lífeyrissjóður	6,60%
491098-2529	Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	6,60%
450181-0489	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	6,60%
430269-6589	Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	6,60%
430269-4299	Lífsverk lífeyrissjóður	5,94%
650909-1270	Sjóvá - Almennar tryggingar hf.	3,96%
	Aðrir hluthafar - 12 talsins	15,91%
		<hr/> 100,00%

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi töluverðar breytingar á lögum um ársreikninga. Lagabreytingarnar gilda með afturvirkum hætti frá og með 1. janúar 2016. Meðal lagabreytinganna er krafa um að í yfirliti með skýrslu stjórnar tiltekinna félaga skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Þá skal yfirlitið hafa að geyma stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, ófjárhagslega lykilmælikvarða og fleira. Hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Félagið telst vera tengt almannahagsmunum þar sem það er með skráð skuldabréf og fellur því undir fyrrnefndar kröfur um upplýsingagjöf sem koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Þess má geta að fyrir félög í aðildarríkjum Evrópusambandsins gildir ákvæðið frá og með árinu 2017. Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs hefur félaginu ekki reynst unnt að innleiða þetta ákvæði. Innleiðing mun eiga sér stað á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar í næsta ársreikningi félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.:

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31.des 2016 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Alda Credit Fund slhf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2017.

Stjórn:



Handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Dorina Ein'. Below it is a smaller signature in black ink, possibly 'BK'. Below that is another handwritten signature in blue ink, possibly 'Páll Guðmundsson'.

Framkvæmdastjóri:



Handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Ypseu'.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í ALDA Credit Fund slhf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ALDA Credit Fund slhf. („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Viðbrögð í endurskoðuninni

Bókfært verð skuldabréfaeignar og lánasamninga nam 6.235 millj. kr. í árslok 2016, eða 81% af heildareignum félagsins. Mat og tilvist skuldabréfaeignar og lánasamninga telst lykilatriði við endurskoðun okkar þar sem um er að ræða stærstu liði reikningsskilanna. Vísað er til skýringar 2 um reikningsskilaaðferðir og skýringar 4 um fjárhagsupplýsingar.	Endurskoðun okkar fól í sér eftirfarandi aðgerðir: - við yfirlitum og máttum réttmæti þeirra forsendna sem liggja til grundvallar eignfærslu skuldabréfaeignar og lánasamninga með því að rekja þær í ytri gögn. - Við yfirlitum útreikninga og framkvæmdum endurreikning á verðmæti skuldabréfa og lánasamninga með úrtökum, með tilliti til þess hvort þeir væru réttir miðað við ytri gögn. - Við öfluðum ytri staðfestingar á tilvist og eignarhaldi skuldabréfa og lánasamninga í eigu félagsins. - Við fórum yfir mat á mögulegri virðisrýrnun og forsendur stjórnenda sem matið byggir á. - Við yfirlitum skýringar í ársreikningi með tilliti til þess að þar kæmu fram allar upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um að skuli birta.
Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. Meginmarkmið félagsins er að fjárfesta í skuldabréfum, lánnum og öðrum skuldaviðurkenningum fyrirtækja og annarra aðila sem gefið geta ávöxtun umfram ríkistryggð skuldabréf. Um er að ræða óskráð verðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar ef einhver, en mat skuldabréfa og útlána kann að ráðast af mati stjórnenda í tilfelli ómarkaðshæfra eigna.	

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.


Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Matthías Þór Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 31. mars 2017.

KPMG ehf.


Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2016

	Skýr.	2016	2015*
			Endurgert
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		245.310	35.351
Vaxtagjöld og verðbætur	(125.726)	(2.400)
		119.584	32.951
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun		37.979	19.275
Annar rekstrarkostnaður		12.876	5.902
		50.855	25.177
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		68.729	7.774
Hagnaðarhlutur:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	6	0,09	0,02

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 12.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015* Endurgert
Eignir			
Skuldabréfaeign		4.075.478	567.017
Lánasamningar		1.943.749	525.608
Langtímakröfur 4		<u>6.019.227</u>	<u>1.092.625</u>
Næsta árs afborgun langtímakrafna	4	186.684	71.587
Aðrar skammtímakröfur		35.047	4.291
Handbært fé		1.504.158	851.338
Veltufjármunir		<u>1.725.889</u>	<u>927.216</u>
Eignir samtals		<u>7.745.115</u>	<u>2.019.841</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.515.000	1.515.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		22.440	22.440
Lögbundinn varasjóður		8.059	1.186
Óráðstafað eigið fé		61.922	66
Eigið fé samtals 5		<u>1.607.421</u>	<u>1.538.692</u>
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	7	<u>5.946.109</u>	<u>466.469</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	7	118.474	8.782
Áfallnir vextir		73.111	5.898
Skammtímaskuldir samtals		<u>191.585</u>	<u>14.680</u>
Skuldir samtals		<u>6.137.694</u>	<u>481.149</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>7.745.115</u>	<u>2.019.841</u>

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 12.

Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2016

	Hlutfé	Yfirverðs reikningur hlutfjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals	
1. janúar til 31. desember 2016						
Eigið fé 31.12.2015, ísl. ársreikningalög	1.515.000	22.440	1.186	4.155	1.542.781	
Áhrif innleiðingar IFRS	12			(4.089)	(4.089)	
Eigið fé 1.1.2016 skv. IFRS	1.515.000	22.440	1.186	66	1.538.692	
Lagt í lögbundinn varasjóð			6.873	(6.873)	0	
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				68.729	68.729	
Eigið fé 31.12.2016	5	1.515.000	22.440	8.059	61.922	1.607.421
1. janúar til 31. desember 2015*						
Eigið fé 1.1.2015, ísl. ársreikningalög	50.000	0	0	(6.522)	43.478	
Áhrif innleiðingar IFRS	12			0	0	
Eigið fé 1.1.2015 skv. IFRS	50.000	0	0	(6.522)	43.478	
Innborgað hlutfé	1.465.000	22.440			1.487.440	
Lagt í lögbundinn varasjóð			1.186	(1.186)	0	
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				7.774	7.774	
Eigið fé 31.12.2015	5	1.515.000	22.440	1.186	66	1.538.692

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt, sjá nánar í skýringu 12.

Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		68.729	11.863
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar fjármunatekjur	(119.584)	(32.951)
Veltufé til rekstrar	(50.855)	(21.088)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, breyting		18.953	(930)
Skammtímaskuldir, breyting		0	5.898
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		18.953	4.968
Handbært fé til rekstrar án vaxtatekna og vaxtagjalda	(31.902)	(16.120)
Innheimtar vaxtatekjur og verðbætur		159.460	28.721
Greidd vaxtagjöld og verðbætur	(44.523)	(2.149)
		114.937	26.572
Handbært fé frá rekstri		83.035	10.452
Fjárfestingarhreyfingar			
Langtímakröfur, lánveitingar	(5.425.300)	(1.192.800)
Afborganir langtímakrafna		419.743	27.769
Fjárfestingarhreyfingar	(5.005.557)	(1.165.031)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutfé		0	1.487.440
Ný skuldabréfalán		5.611.533	475.000
Afborgun skuldabréfaláns	(36.191)	0
Fjármögnunarhreyfingar		5.575.342	1.962.440
Hækkun á handbæru fé		652.820	807.861
Handbært fé í ársbyrjun		851.338	43.477
Handbært fé í árslok		1.504.158	851.338

Reikningsskilaaðferðir

1. Félagið

Alda Credit Fund slhf. ("félagið") er íslenskt samlagshlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 27, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfssemi. Félagið er ósjálfstæður skattaðili.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er í samræmi við IFRS og hefur IFRS 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla verið beitt við gerð hans. Áhrif innleiðingarinnar á fjárhagsstöðu, fjárhagslegan árangur og sjóðstreymi félagsins eru skýrð út í skýringu 12.

Stjórn félagsins samþykkti ársreikninginn þann 31. mars 2017.

b. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

e. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar félagið markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja við þá niðurstöður að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið.

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir Stig eitt.

- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

f. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vöxtum og verðbótum langtímakrafna og skuldabréfalána og eru færð miðað við áfallna stöðu á uppgjörssdegi.

g. Umsýslubókun

Á fyrstu þremur árum frá stofnun félagsins eða þar til félagið hefur kallað inn áskriftarloforð vegna hlutabréfa og skuldabréfa að fullu (eftir því hvort tímamarkið kemur upp fyrir) greiðir félagið fasta árlega umsýslubókun til ALDA Sjóða hf. 0,5% af upphaflegum heildarfjárfestingaloforðum. Að þremur árum liðnum eða þegar upphafleg fjárfestingarloforð hafa verið greidd að fullu miðast föst 0,5% árleg bókun við mat á heildareignum félagsins miðað við síðasta ársuppgjör eða árshlutauppgjör. Frá ársbyrjun 2017 mun bókunin reiknast af heildareignum.

Skýringar frh.:

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.:

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign og lánasamningum. Langtímakröfur eru eignfærðar í efnahagsreikningi á nafnvirði að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum.

i. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá innlánsstofnunum.

j. Langtímaskuldir

Skuldabréfalán eru færð með áföllnum verðbótum á reikningsskiladegi. Áfallnir vextir eru færðir meðal skammtímaskulda.

3. Þóknun endurskoðanda

Þóknun endurskoðanda félagsins greinist þannig:

	2016	2015
Endurskoðun ársreiknings	1.210	357
Könnun árschlutareiknings	833	138
Önnur þjónusta	150	38
Þóknun endurskoðanda samtals	2.193	533

4. Langtímakröfur

Langtímakröfur og afborganir næstu ár sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	31.12.2016	31.12.2015
Langtímakröfur, verðtryggðar, vextir 4,1% - 5,1%	5.376.040	656.386
Langtímakröfur, óverðtryggðar, vextir 6,4% - 7,9%	829.871	507.826
Langtímakröfur samtals, þar með talið næsta árs afborgun	6.205.911	1.164.212
Næsta árs afborgun	(186.684)	(71.587)
Langtímakröfur samtals	6.019.227	1.092.625

Langtímakröfur greinast þannig milli skuldabréfaeignar og lánasamninga:

Skuldabréfaeign	4.075.478	567.017
Lánasamningar	1.943.749	525.608
Langtímakröfur samtals	6.019.227	1.092.625

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Afborgun ársins 2017 / 2016	186.684	71.587
Afborgun ársins 2018 / 2017	192.223	72.893
Afborgun ársins 2019 / 2018	298.006	74.255
Afborgun ársins 2020 / 2019	204.044	75.674
Afborgun ársins 2021 / 2020	210.347	77.154
Afborgun síðar	5.114.607	792.649
Samtals	6.205.911	1.164.212

Um 89% langtímakrafna félagsins bera fasta vexti og 11% langtímakrafna eru með breytilega vexti. Í flestum tilvikum er um uppgreiðslugjald að ræða ef greitt er umfram samningsbundnar afborganir.

Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna hafa lántakendur veitt Alda Credit Fund slhf. veð í eignum, þar með talið fasteignum, lóðum, áhöldum og tækjum og vörumerkjum.

5. Eigið fé

(i) Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 1.515 millj. kr. í árslok samkvæmt samþykktum þess (2015: 1.515 millj. kr.). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

(ii) Yfirverðsreikningur eigin fjár

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

Skýringar frh.:

5. Eigið fé, frh.:

(iii) Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélag skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutafjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnverði hlutafjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.

(iv) Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.

(v) Eiginfjárstýring

Stefna stjórnar félagsins er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu til að tryggja framtíðarþróun félagsins. Eiginfjárlutfall í árslok var 21% (31.12.2015: 76%). Félagið þarf ekki að uppfylla nein ytri skilyrði um lágmarks eiginfjárlutfall.

6. Hagnaður á hlut

Grunn- og þynntur hagnaður á hlut

	2016	2015
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	68.729	7.774

Vegið meðaltal útistandandi hluta

Hlutir 1. janúar	1.515.000	50.000
Áhrif hlutafjárafaukningar	0	466.762
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	1.515.000	516.762
Grunn- og þynntur hagnaður og heildarhagnaður á hlut	0,05	0,02

7. Langtímaskuldir

Skuldabréfalán félagsins eru verðtryggð og nema í árslok 6.065 millj. kr. Áfallnir vextir eru færðir meðal skammtímaskulda.

	31.12.2016	31.12.2015
Skuldabréfalán, verðtryggð, fastir 3,75% vextir	6.064.583	475.251
Næsta árs afborgun	(118.474)	(8.782)
Skuldabréfalán samtals	5.946.109	466.469
Afborgun ársins 2017 / 2016	118.474	8.782
Afborgun ársins 2018 / 2017	122.959	9.115
Afborgun ársins 2019 / 2018	127.613	9.460
Afborgun ársins 2020 / 2019	132.443	9.818
Afborgun ársins 2021 / 2020	137.456	10.190
Afborgun síðar	5.425.638	427.886
Samtals	6.064.583	475.251

Allar eignir félagsins eru til tryggingar greiðslu skuldabréfalána félagsins.

Félaginu er heimilt að greiða hraðar upp skuldabréfalán félagsins frá árinu 2020 gegn 1,5% uppgreiðslugjaldi.

8. Tekjuskattur

Félagið er ósjálfstæður skattaðili og skattleggst afkoma þess hjá eigendum í hlutfalli við eign þeirra.

9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stjórn, hluthafar og félag í meirihluta eigu þeirra. Félagið greiðir umsýsluþóknun til ALDA sjóðir hf. samkvæmt samningi þar um og nam fjárhæðin 38 millj. kr. árið 2016 (2015 19 millj. kr.). Engin viðskiptastaða er við tengda aðila í árslok.

10. Skuldbindingar

Til marsloka 2017 hefur félagið samþykkt ný lán að fjárhæð 942 millj. kr. Lánin verða fjármöggnuð með handbæru fé.

11. Áhættustýring

Yfirlit

Þær fjárhagslegu áhættur sem félagið býr við eru: lánsáhætta, lausafjánhætta og markaðsáhætta. Markaðsáhætta samanstendur af vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu.

Í þessari skýringu eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Áhættustýring

Áhættustýring er framkvæmd af stjórnendum félagsins í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins. Stjórnendur greina, meta og stýra fjármálalegri áhættu í náinni samvinnu við stjórn félagsins. Áhættustýring félagsins leggur áherslu á að takast á við ófyrirsjáanleika fjármálamarkaða og leitast við að lágmarka möguleg óhagstæð áhrif á afkomu félagsins. Félagið beitir ekki áhættuvörnum.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna langtímakrafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra skuldara, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Um 19% af langtímakröfum í árslok er vegna stærsta skuldara félagsins.

Félagið hefur sett sér reglur og fjárfestingarstefnu um lánsviðskipti. Framkvæmd er ítarleg könnun á lánstrausti nýrra lántakenda.

Félagið veitir lán gegn veðum í eignum. Þar er um að ræða veð í fasteignum, birgðum og lausafjármunum.

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2016	31.12.2015
Langtímakröfur	6.019.227	1.092.625
Næsta árs afborgun langtímakrafna	186.684	71.587
Aðrar skammtímakröfur	35.047	4.291
Handbært fé	1.504.158	851.338
	<u>7.745.115</u>	<u>2.019.841</u>

Fjáreignir félagsins eru ekki niðurfærðar í árslok 2016 og 2015 þar sem ekki er metin veruleg tapshætta vegna þeirra.

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í árslok 2016 og stjórnendur þess telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjaldaga.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Samtals	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 3 - 5 ár	Eftir meira en 5 ár
31.12.2016					
Vaxtaberandi skuldir	9.997.554	344.743	344.743	1.034.229	8.273.839
	<u>9.997.554</u>	<u>344.743</u>	<u>344.743</u>	<u>1.034.229</u>	<u>8.273.839</u>
31.12.2015					
Vaxtaberandi skuldir	795.684	26.523	26.523	79.569	663.069
	<u>795.684</u>	<u>26.523</u>	<u>26.523</u>	<u>79.569</u>	<u>663.069</u>

Skýringar frh.:

11. Áhættustýring frh.:

Lausafjánhætta frh.:

Samningsbundnar greiðslur vegna fjáreigna, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

					Eftir meira
31.12.2016	Samtals	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 3 - 5 ár	en 5 ár
Vaxtaberandi eignir	10.340.849	475.877	473.500	1.476.580	7.914.892
	<u>10.340.849</u>	<u>475.877</u>	<u>473.500</u>	<u>1.476.580</u>	<u>7.914.892</u>

					Eftir meira
31.12.2015	Samtals	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 3 - 5 ár	en 5 ár
Vaxtaberandi eignir	3.496.474	59.601	165.693	557.927	2.713.253
	<u>3.496.474</u>	<u>59.601</u>	<u>165.693</u>	<u>557.927</u>	<u>2.713.253</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerna. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhætta félagsins samanstendur af vaxtaáhættu.

Skuldabréfalán félagsins er verðtryggt með föstum vöxtum.

Flokkun fjármálagerna

	Lán og kröfur	Aðrar fjárskuldir	Bókfært verð
Langtímakröfur	6.019.227		6.019.227
Næsta árs afborgun langtímakrafna	186.684		186.684
Aðrar skammtímakröfur	35.047		35.047
Handbært fé	1.504.158		1.504.158
Eignir samtals	<u>7.745.115</u>	<u>0</u>	<u>7.745.115</u>
Skuldabréfalán		5.946.109	5.946.109
Næsta árs afborgun skuldabréfalána		118.474	118.474
Áfallnir vextir		73.111	73.111
Skuldir samtals	<u>0</u>	<u>6.137.694</u>	<u>6.137.694</u>

Gangvirði er metið jafnt bókfærðu verði í árslok 2016 og 2015 þar sem óverulegur munur er á vaxtakjörum lánanna og markaðsvöxtum.

12. Yfirlit um alþjóðlega reikningsskilastaðla

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Eins og tekið var fram í skýringu 2(a) um reikningsskilaaðferðir er þetta fyrsti ársreikningur félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2015 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2015, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2015 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif yfirlit frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu félagsins og afkomu. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var áður samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum.

Eftirfarandi töflur sýna áhrif yfirlitunnar í alþjóðlegu reikningsskilastaðlana á yfirlit um heildarafkomu og efnahagsreikning.

Engin breyting varð á eigin fé 1.1.2015 þar sem óveruleg starfsemi var í félaginu fyrir þann tíma.

Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-31.12.2015, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í IFRS

	Íslensk ársreikningalög	Áhrif inn- leiðingar IFRS	IFRS
Vaxtatekjur og verðbætur	39.440	(4.089)	35.351
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.400)	((2.400)
Rekstrargjöld	(25.177)	((25.177)
Hagnaður ársins	11.863	(4.089)	7.774

Efnahagsreikningur 31. desember 2015, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

	Íslensk ársreikningalög	Áhrif inn- leiðingar IFRS	IFRS
Langtímakröfur	1.096.714	(4.089)	1.092.625
Næsta árs afborgun	71.587		71.587
Fyrirframgr. kostnaður og aðrar skammtímakröfur	4.291		4.291
Handbært fé	851.338		851.338
Eignir samtals	2.023.930	(4.089)	2.019.841
Hlutafé	1.515.000		1.515.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	22.440		22.440
Lögbundinn varasjóður	1.186		1.186
Óráðstafað eigið fé	4.155	(4.089)	66
Skuldabréfalán	466.469		466.469
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	8.782		8.782
Áfallnir vextir	5.898		5.898
Skuldir og eigið fé samtals	2.023.930	(4.089)	2.019.841

Yfirlýsing um stjórnarhætti - óendurskoðað

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Alda Credit Fund slhf. er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfa frá árinu 2015, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Alda Credit Fund slhf. var samin. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://www.vi.is>.

Alda Credit Fund slhf. er samlagshlutafélag og starfar skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánstarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna, og önnur skyld starfsemi. Helstu fjárfestingar félagsins tengjast fjármögnun á fyrirtækjum. Alda Credit Fund slhf. er skráð sem fagfjárfestasjóður og sér Alda sjóðir hf., rekstrarfélag verðbréfasjóða, um daglegan rekstur þess samkvæmt samning þar um. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi Alda Credit Fund slhf. eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fagfjárfestasjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is>.

Enginn eiginlegur rekstur á sér stað hjá Alda Credit Fund slhf. og hefur félagið enga starfsmenn. Þannig er framkvæmdarstjóri félagsins starfsmaður ALDA sjóða hf. Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara en ekki tveimur mánuðum fyrir lok reikningsársins. Stjórn félagsins framkvæmir ekki árangursmat. Ekki er til skrifleg starfslýsing stjórnarformanns utan það sem fram kemur í samþykktum. Þá starfrækir stjórn ekki undirnefndir að undanskilinni endurskoðunarnefnd.

Stjórn Alda Credit Fund slhf. ber ábyrgð á að samþykkja fjárfestingar og fylgjast með að framkvæmd þeirra sé í samræmi við samþykkt þar um og fjárfestingarstefnu. Rekstraraðili sér um að finna og greina fjárfestingartækifæri og leggja til fjárfestingar við stjórn félagsins. Þá þarf samþykki allra stjórnarmanna fyrir fjárfestingum.

Ársfjórðungslega er gerð samantekt um starfsemi og eignir félagsins. Rekstur félagsins er gerður upp reglulega, en vörsluáðili félagsins metur þannig innra virði eigin fjár. Þá fylgist rekstraraðili með fjárfestingum og innheimtu og upplýsir stjórn um framgang félagsins.

Innra eftirliti er útviastað, sbr. 17. gr. laga nr. 128/2011, með leyfi Fjármálaeftirlitsins það á við um regluvörslu, áhættustýringu og innri endurskoðun. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins.

Gildi félagsins hafa ekki verið skilgreind umfram það að félagið fjárfesti í samræmi við markmið og markaðsaðstæður hverju sinni.

Félagið hefur ráðgjafaráð um hagsmunaárekstra sem skal skipað þremur fulltrúum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Hlutverk ráðgjafaráðs er að veita rekstraraðila ráðgjöf við að meta hagsmunaárekstra sem mögulega kunna að koma upp við fjárfestingar félagsins gagnvart rekstraraðila ásamt öðrum þáttum sem rekstraraðili óskar eftir.

Ábyrgðaraðili Alda Credit Fund slhf., ACF GP ehf. gegnir jafnframt hlutverki stjórnar félagsins. Í stjórn ACF GP ehf. sitja þrjú aðalmenn. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi og ritar fundargerð. Stjórn félagsins fundar mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórn stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórnin starfar samkvæmt áskriftarskilmálum félagsins, metur og eftir atvikum samþykkir fjárfestingar sem bornar eru upp af rekstraraðila félagsins. Stjórnin hefur eina undirnefnd, þ.e. endurskoðunarnefnd.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:

Stjórn skipa:

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður er M.Sc. í verkfræði frá MIT árið 1995. Starfaði sem yfirmaður flutningastýringar hjá Samskip hf. 1995-1998. Hóf störf hjá Kaupþingi 1999 fyrst sem aðstoðarforstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og svo frá 2001 sem framkvæmdastjóri sérhæfðra sjóðaafurða á eignastýringarsviði. Var framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs frá 2003 til 2008. Undir stjórn hans fjórfölduðust eignir í stýringu Kaupþings yfir fimm ára tímabil og til varð stærsta eignastýring á Íslandi með yfir € 6 milljarða í stýringu. Þórarinn var stjórnarformaður fjölda eignastýringarfyrirtækja í samstæðu Kaupþings. Hann sá um að manna hin ýmsu fjárfestingarteymi í samstæðu félagsins, skipuleggja störf þeirra, innleiða nýjar vörur, meta árangur og breyta áherslum. Einnig ábyrgur fyrir samhæfingu eignastýringardeilda innan Kaupþings samstæðunnar sem taldi um € 13 milljarða í stýringu. Framkvæmdastjóri ALDA sjóðir hf. frá árinu 2009. Félag í eigu Þórarins á 48% hlut í ALDA sjóðir hf. Þórarinn á sjálfur 8% hlut.

Dr. Birgir Örn Arnarson, meðstjórnandi

Birgir Örn Arnarson er fæddur 1. mars 1971. Hann hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun þess. Hann starfaði í áhættustýringu Kaupþings frá 1999 til 2008. Birgir var framkvæmdastjóri áhættustýringar Nýja Kaupþings frá október 2008 til mars 2009. Hann stofnaði ráðgjafafyrirtækið Summu ehf. í félagi við aðra og starfaði þar til ársins 2011 auk þess sem hann var með lektorsstöðu í fjármálaverkfræði við Háskólann í Reykjavík. Birgir starfaði sem Head of Market Risk Analytics á fjárfestingasviði Zurich Insurance Group í Zurich árin 2011-2014. Birgir hefur starfað frá 2014 sem Director of Portfolio Stress Testing í PayPal. Birgir var stjórnarmaður í Rekstarfélagi Byrs frá 2010 til 2011, Okkar líftryggingum frá 2008 til 2009, og Rekstarfélagi Kaupþings/Stefni til 2009. Þá sat Birgir í stjórn Verðlaunasjóðs Guðmundar P. Bjarnasonar til ársins 2009. Birgir er með doktorspróf í fræðilegri aflfræði frá Cornell University. Birgir á 8% hlut í ALDA sjóðir hf.

Þórður Jónsson, meðstjórnandi

Verkefnastjóri á Fyrirtækjasviði KPMG í hvers kyns rekstrarráðgjöf til fyrirtækja 2011-2013. Viðskiptastjóri á Fyrirtækjasviði Arion banka og forvera hans. Fyrirtækjasvið sér um lánamál til fyrirtækja 2003-2011. Áhættustýring Kaupþings hf., sá um og bar ábyrgð á hverju einu sem sneri að lánamálum; s.s. að fara með mál í gegnum samþykktarferla, samningsgerð o.fl. 2001-2003. Forstöðumaður Lánaeftirlits Íslandsbanka, með rúmlega 1 árs hléi sem starfsmaður F&M, Fyrirtækja og markaða, Íslandsbanka, 1991-2001. Starfsmaður Lánaeftirlits nýstofnaðs Íslandsbanka, sem til varð við sameiningu Útvegsbanka, Verslunarbanka, Iðnaðarbanka og Alþýðubanka, 1990-1991. Starfsamaður Hagdeildar Útvegsbanka Íslands og síðar Útvegsbankans hf. Leysti um tíma af forstöðumann Hagdeildarinnar, 1985-1990.

Allir stjórnarmenn félagsins eru óháðir stórum hluthöfum félagsins, félaginu sjálfu og daglegum stjórnendum. Rekstraraðili er hluthafi í Alda Credit Fund slhf.

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist Alda Credit Fund slhf. frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

Alda Credit Fund slhf. er með skuldabréf skráð í kauphöll og birtir upplýsingar um starfsemi sína í samræmi við reglur kauphallar. Á aðalfundum er farið yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.